



Reykjavík 14. október 2021

## Niðurstaða athugunar á fyrirkomulagi útvistunar hjá Íslenska lífeyrissjóðnum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Íslenska lífeyrissjóðnum í apríl 2021.

Markmiðið var tvíþætt; annars vegar að kanna fyrirkomulag útvistunar og eftirlit Íslenska lífeyrissjóðsins með útvistun og hins vegar hvernig eftirliti sjóðsins með rekstraráhættu hjá útvistunaraðila væri háttað, sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá var í athuguninni einnig byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Niðurstaða lá fyrir í september 2021. Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var við athugunina gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við lífeyrissjóðinn.

- Lífeyrissjóðurinn hafði ekki með fullnægjandi hætti greint og metið hugsanlega hagsmunaárekstra vegna útvistunar á innri endurskoðun lífeyrissjóðsins til rekstraraðila hans, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997.
- Útvistunarstefnu hafi skort á þeim tíma sem skoðunin átti sér stað, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og 8. og 10. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 6/2014.
- Viðbúnaðarumgjörð til að bregðast við mögulegum áföllum upplýsingakerfa var ekki til staðar, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019.
- Skriflegir verkferlar vegna tilkynninga á frávikum á rekstri upplýsingakerfi sjóðsins voru ekki til staðar, sbr. 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og 46. tölul. leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019.
- Fundargerðir stjórnar lífeyrissjóðsins voru ekki nægilega ítarlegar, með vísan í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 129/1997.
- Greining á hagsmunaárekstrum vegna rekstrarfyrirkomulags lífeyrissjóðsins var ekki til staðar, með vísan til 8. tölul. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

- Ekki var talið samrýmast 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins sæti alla fundi endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðsins frá upphafi til enda.